

## REGLUGERÐ

### um leyfi til fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum.

#### Fullvinnsla.

##### 1. gr.

Óheimilt er að fullvinna botnfiskafla um borð í veiðiskipum án sérstaks leyfis ráðuneytisins. Leyfi skulu veitt fyrir hvert fiskveiðiár. Það telst fullvinnsla í þessu sambandi ef flökun eða flatning botnfisks er þáttur í vinnslunni.

Ákvæði þessi taka ekki til báta minni en 20 brúttótonn er stunda línu- og handfæraveiðar og fletja eða salta aflann um borð.

#### Kröfur til fullvinnsluskipa.

##### 2. gr.

Skipum, sem leyfi hafa til fullvinnslu afla um borð, er óheimilt að fleygja fiski, fiskhlutum eða fiskúrgangi fyrir borð. Er skylt að koma með að landi allan afla þessara skipa, þar á meðal það sem til fellur við vinnsluna, svo sem hryggi, afskurð, hausa, innyfli eða afurðir unnar úr þeim. Er óheimilt að veita skipum vinnsluleyfi nema aðstaða sé um borð til að fullnægja þessum kröfum og nýta aflann með fullnægjandi hætti.

##### 3. gr.

Áður en ráðuneytið veitir leyfi til fullvinnslu um borð í veiðiskipi sbr. 1. gr. skal liggja fyrir að eftirgreindum skilyrðum varðandi búnað vinnsluskipis sé fullnægt:

1. Að móttaka og aðgerðarrými séu einangruð frá vélarrúmi.
2. Að aðstaða sé til að þvo allan fisk eftir slægingu.
3. Að mögulegt sé að kæla fisk sem bíður vinnslu með ís eða með öðrum viðurkenndum aðferðum þannig að unnt sé að halda hitastigi hans undir 4 gráðum.
4. Að fjöldi og fyrirkomulag blóðgunarkara sé með þeim hætti að auðvelt sé að tegundaflokka og halda mismunandi tegundum aðskildum fyrir vinnslu. Einnig að stærð og fyrirkomulag á hverju kerfi sé með þeim hætti að fiskur sem bíður vinnslu verði ekki fyrir þrýstiskemmdum eða öðru hnjaski.
5. Að fiskvinnsluvélar gefi möguleika til hámarksnytingar hráefnis í aðalafurðir og aukaafurðir miðað við þá tækni sem fyrir hendi er þegar leyfi er veitt.
6. Að hægt sé að stjórna hitastigi í lest veiðiskipa. Skal síritandi hitamælir skrá hitastig þar sem fiskafurðir eru geymdar.

##### 4. gr.

Áður en leyfi til vinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipi er veitt skal útgerð skipis leggja fyrir nákvæma greinargerð um hvernig staðið verði að vinnslu, innra eftirliti og nýtingu afla um borð þannig að ákvæðum 2. og 3. gr. sé fullnægt. Skulu m.a. koma fram upplýsingar um eftirfarandi atriði:

1. Vinnsluáðferðir, vinnslunýtingar, nýtingu aukaafurða og fyrirkomulag vinnslu um borð.
2. Fjölda og stærð geymslukara undir afla sem bíður vinnslu.
3. Frystigetun fyrir aðalafurðir og aukaafurðir.
4. Stærð fiskilesta ásamt upplýsingum um búnað og geymslurými vegna nýtingar á fiskúrgangi.
5. Mannaflaþörf og lengd veiðiferða.

**Framkvæmd og eftirlit.**

## 5. gr.

Það er skilyrði fyrir veitingu leyfis til fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipi að fjöldi í áhöfn sé nægilegur til að vinna afla á fullnægjandi hátt að teknu tilliti til áskilins hvíldartíma. Við mat á þessu atriði skal tekið tillit til veiðigetu skipsins, gerðar þess og fyrirkomulags vinnslunnar um borð.

Það er enn fremur skilyrði fyrir veitingu leyfis til fullvinnslu botnfiskafla að fyrir hendi sé sérstök hvíla fyrir hvern mann í áhöfn skips og eftirlitsmann sbr. 7. gr.

## 6. gr.

Í áhöfn skipa, sem fá leyfi til fullvinnslu botnfiskafla, skal vera maður með sérþekkingu á vinnslu um borð í veiðiskipum, sem umsjón hefur með allri vinnslu og innra eftirliti. Hann skal sjá og um að öll skráning um vinnslu og mælingar á nýtingu séu samkvæmt gildandi reglum.

Í umsókn um leyfi til fullvinnslu botnfiskafla skal tilgreina þann sem annast skal gæðastjórn og tilgreina reynslu hans og menntun á því sviði.

## 7. gr.

Útgerðir skipa, sem hyggjast stunda fullvinnslu, skulu senda sjávarútvegsráðuneytinu umsókn um slíkt leyfi.

Áður en ráðuneytið tekur afstöðu til umsóknar um leyfi til fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipi skal það leita umsagnar Ríkismats sjávarafurða hvort fullnægt sé þeim skilyrðum sem sett eru í 3. og 4. gr. reglugerðar þessarar og öðrum reglum sem varða búnað og hreinlæti um borð í veiðiskipum.

Jafnframt skal ráðuneytið leita umsagnar Siglingamálastofnunar ríkisins á því hvort reglum um öryggisbúnað varðandi fiskvinnslu og aðbúnað áhafnar sé fullnægt.

## 8. gr.

Fullnægi skip, sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni við gildistöku reglugerðar þessarar, ekki skilyrðum fyrir veitingu leyfis til fullvinnslu að mati ráðuneytisins skal útgerð þess veittur allt að sex mánaða frestur frá 1. september 1992 að telja til þess að fullnægja settum skilyrðum. Skilyrði þess að slíkur frestur sé veittur er að fyrir liggja áætlun útgerðar um hvernig staðið verði að nauðsynlegum úrbótum innan frestsins.

## 9. gr.

Eftirlitsmaður eða eftirlitsmenn skulu vera um borð í fiskiskipi sem leyfi hefur til fullvinnslu botnfisks fyrstu sex mánuðina eftir að leyfi er veitt í fyrsta sinn. Eftir þann tíma skal eftirlitsmaður vera um borð eftir því sem ástæða er talin til hverju sinni af veiðieftirliti sjávarútvegsráðuneytisins. Skal útgerð sjá eftirlitsmönnum fyrir fæði og aðstöðu meðan þeir eru við eftirlitsstörf um borð. Þá skal útgerð skips greiða kr. 10 000,00 vegna eftirlits skv. 6. gr. laga nr. 54, 16. maí 1992, fyrir hvern dag eða hluta dags, sem eftirlitsmaður er um borð.

**Eldri fullvinnsluskip.**

## 10. gr.

Ákvæði 2.–4. gr. og 1. málslíður 9. gr. reglugerðar þessarar taka ekki til skipa sem hafa hafið fullvinnslu um borð fyrir 22. júní 1992. Sama á við um skip sem ekki hafa hafið fullvinnslu um borð fyrir þann tíma enda hafi verið samið um smíði eða kaup á þeim með bindandi hætti fyrir 10. nóvember 1991 og smíðin verið þá það langt komin að breytingum til samræmis við kröfur um fullnýtingu afla hafi ekki verið við komið án verulegrar röskunar og kostnaðarauka.

## 11. gr.

Eldri fullvinnsluskipum sbr. 10. gr. er samkvæmt ákvæði til bráðabirgða við lög nr. 54/1992 veittur frestur til 1. september 1996 til að fullnægja öllum ákvæðum 2.–4. gr. reglugerðar þessarar. Ákvæðum 2., 3., 4. og 6. tölulíðar 3. gr. skal þó fullnægt fyrir 1. september 1993. Auk aðalafurða er þessum skipum skylt að hirða allan meðafla, hrogn og allan afskurð sem fellur til við snyrtingu þorsks, ýsu og ufsa. Þessi skip skulu hefja nýtingu annarra aukaafurða af þorski og ýsu fyrir fiskveiðarárið sem hefst þann 1. september 1993 og hafa náð a.m.k. 60% meðalnýtingarhlutfalli, miðað við slægðan afla þessara tegunda, á fiskveiðarárinu sem hefst þann 1. september 1994.

**Ýmis ákvæði.**

## 12. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða sviptingu vinnsluleyfis um tiltekinn tíma að mati ráðuneytisins.

## 13. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 54, 16. maí 1992, um fullvinnslu botnfiskafila um borð í veiðiskipum til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 14. ágúst 1992.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Jón B. Jónasson.*

**REGLUGERÐ**

**um (3.) breytingu á heilbrigðisreglugerð nr. 149/1990  
með síðari breytingum.**

## 1. gr.

Eftirtaldr breytingar verða á 82. gr. reglugerðarinnar:

## a. Grein 82.1 hljóði svo:

Öll framleiðsla og meðferð matvæla og annarra neysluvara, sem ætlaðar eru til sölu eða dreifingar, þar með talin upphitun á matvælum, skal háð leyfi heilbrigðisnefndar sem getur gert ákveðnar kröfur um hreinlæti og aðra aðstöðu, til þess að tryggja að matvæli verði ekki fyrir mengun eða skemmist á annan hátt.

Kjötskodunarlæknir fer með eftirlit með kjötvinnslu sem fram fer í húsakynnum sláturhúsa.

Við tilbúning og dreifingu á matvælum, neyslu- og nauðsynjavörum, skal gæta þess hreinlætis og þeirrar varkárni, að varan óhreinikist ekki til skemmda eða spillist á annan hátt.

## b. Grein 82.13.1 hljóði svo:

Óheimilt er að selja, dreifa eða bjóða til sölu kjöt og kjötvöru, nema að kjötið hafi verið heilbrigðisskodað og stimplað með löggiltum hætti. Óstimpluðu kjöti eða kjötvöru sem er á boðstólum eða í dreifingu ber að farga.